

13. MAÍ 2019


ÁLIÐ STERK STOÐ Í 50 ÁR

MIKIL AUKING Í EFNAHAGSLEGUM LÍFSKJÖRUM SÍÐUSTU 50 ÁRIN

Á árinu 2019 eru 50 ár síðan ál varð fyrst til við rafgreiningu í álverinu í Straumsvík. Á þessu 50 ára tímabili fór að skilja verulega á milli efnahagslegrar velmegunar hér á landi og í flestum öðrum Evrópuríkjum. Landsframleiðsla á mann, sem er einn mælikvarði á efnahagslega velmegun, fór á þessum tíma úr því að vera til jafns við meðaltal Evrópu yfir í að vera nú tæplega 50% meiri.

Fjölmargir þættir skýra þessu miklu og jákvæðu breytingu í lífskjörum landsmanna. Stór hluti skýringarinnar er hins vegar sú að á þessum tíma tóku Íslendingar að nýta ríkulegar náttúruauðlindir landsins í meiri mæli en verið hafði en fram að þeim tíma hafði gjaldeyrissköpun Íslendinga nær alfarið byggst á sjávarútvegi. Álframleiðsla gerði Íslendingum kleift að byggja upp raforkuframleiðslu í stórum skrefum og með hagkvæmari hætti en ella hefði verið.

Landsframleiðsla á mann á föstu verðlagi - PPP leiðrétt




Á þeim 50 árum sem liðin eru frá því að álframleiðsla hófst hér á landi hefur landsframleiðsla á mann farið úr því að vera 2,4 m.kr. í 7,9 m.kr. á verðlagi ársins 2018, og kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann aukist um 275%. Fjölbreytni útflutnings hefur jafnframt aukist en útflutningur iðnaðarvara hefur á þessum tíma farið úr 11 mö.kr. í 321 ma.kr. Vegur þar þyngst aukningin í útflutningi álsins en í fyrra voru flutt út 882 þúsund tonn af áli fyrir um 230 ma.kr.

HEFUR SKILAÐ 1.150 MÖ.KR. INN Í ÞJÓÐARBÚIÐ Á HÁLFRI ÖLD

Á síðustu 50 árum hefur álframleiðsla skilað um 870 m.ö.kr. í hlut launþega álfyrirtækja og fyrirtækjæigenda á núvirði samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands. Við það bætist sá virðisauki sem áliðnaðurinn skapar með viðskiptum sínum við aðra atvinnuvegi m.a. við orkuframleiðendur, tæknilega ráðgjafa, þjónustufyrirtæki ofl. Gróflega má áætla að óbeint framlag álframleiðslunnar hafi verið um 880 ma.kr. á þessu tímabili. Er þá stuðst við mat Hagfræðistofnunar á óbeinum áhrifum greinarinnar. Heildarframlag áliðnaðar til landsframleiðslunnar á þessu 50 ára tímabili er því ríflega 1.750 ma.kr. sem er um 62% af landsframleiðslu síðastliðins árs.

Athugum hins vegar að rekstrarafgangur af álframleiðslu fellur ekki í hlut Íslendinga. Ef sá þáttur er dreginn frá má áætla að beint og óbeint framlag álframleiðslu til íslenska hagkerfisins hafi numið um 1.150 mö.kr. yfir þetta 50 ára tímabil sem er um 41% af landsframleiðslu síðastliðins árs svo dæmi sé tekið. Meirihluti þessa framlags til efnahagslegrar velmegunar í landinu hefur fallið til á síðustu tíu árum enda hefur framleiðslugeta álsins verið sögulega mikil á þeim tíma.

Framlag áliðnaðar til VLF, fast verðlag 2018 (ma.kr.)



Athygli vekur að ofangreint framlag greinarinnar til innlestrar verðmætasköpunar og velmegunar fellur til á síðustu 20 árum eða svo. Mikil aukning hefur verið á umsvifum og framleiðslugetu áliðnaðarinnar á þeim tíma vegna stækkunar ÍSALS, tilkomu og stækkunar álvers Norðuráls á Grundartanga og síðan tilkomu álvers Fjarðaáls í Reyðarfirði.

Árið 2017 störfuðu 1.683 manns í íslenskum áliðnaði skv. gögnum Hagstofu. Gera má ráð fyrir að nálæga 2.400 önnur störf tengist starfsemi álvera og að um 4.100 manns hafi þá haft framfæri sitt af álframleiðslu á því ári, beint og óbeint. Um er að ræða störf þar sem meðallaun eru þó nokkuð hærri en í hagkerfinu almennt.


UMFANGSMIKIL FJÁRFESTING

Fjárfestingarnar vegna uppbyggingar á framleiðslugetu í áliðnaði hér á landi og í tengdri raforkuframleiðslu hafa verið miklar. Samanlagt yfir síðastliðin 50 ár nemur þessi fjárfesting nálægt 1.400 mö.kr. Til að setja þetta í samhengi nam heildarfjárfesting í hagkerfinu þ.e. heimila, fyrirtækja og hins opinbera, 623 mö.kr. á síðasta ári.

Rekja má hluta af þeim ábata sem fylgt hefur uppbyggingu álvera á Íslandi til þess að ráðist var í framkvæmdirnar á heppilegum tíma, þ.e. þegar slaki var til staðar í hagkerfinu. Álverið í Straumsvík og raforkuverið að Búrfelli voru, svo dæmi sé tekið, byggð á síðari hluta sjöunda áratugarins þegar sildarbrestur skók íslenska hagkerfið og atvinnuleysi hafði aukist til muna.

Ýmis önnur óbein áhrif hafa fylgt uppbyggingu álframleiðslu hér á landi. Má í því sambandi nefna að álframleiðslan notar rétt um 74% allrar raforkunotkunar í landinu. Raforkukerfið hefur byggst upp samhliða uppbyggingu álframleiðslu. Önnur atvinnustarfsemi og heimilin hafa notið góðs af þessari uppbyggingu í auknu orkuöryggi og lægra raforkuverði.


Fjármunamyndun áliðnaður, fast verðlag 2018 (ma.kr.)



AUKINN STÖÐUGLEIKI

Óstöðugleikinn í fortíð átti m.a. rætur sínar að rekja til einhæfni í gjaldeyriskjnum sem nær alfarið byggðu á sjávarútvegi. Óstöðugleikinn kom niður á framleiðnivexti og innlendri verðmætasköpun. Leiðin að auknum stöðugleika fólst í að auka fjölbreytni í gjaldeyrissköpun og byggja upp greinar sem voru óháðar sveiflum í aflbrögðum og verði sjávarafurða. Gjalderyrissköpun álframleiðslunnar er nú viðlíka heildargjalderyriskjnum af útflutningi sjávarafurða eða um 230 ma.kr. á síðastliðnu ári.

Gjalderyriskj, fast verðlag 2018 (ma.kr.)



Framleiðsla á áli hefur á síðustu 50 árum eða svo vaxið tvöfalt á við heimsframleiðsluna. Má skýra þetta m.a. með aukinni notkun málsins í samgöngur, byggingar, heimilistæki og rafkerfi svo eitthvað sé nefnt. Spurn eftir áli mun fara vaxandi á næstu áratugum. Það er ekki sjálfgefið að íslensk álframleiðsla haldi samkeppnishæfni og sæki fram, ekki frekar en aðrar atvinnugreinar.

BYGGIR Á SAMKEPPNISHÆFNI

Á undanförunum árum hafa íslensk álver stigið næsta skref í virðisbætur og fjárfest í bættri straumnýtingu og flóknari og virðismeiri afurðum, auk þess sem árangur í að draga úr losun er með því besta sem þekktist, en losun á hvert framleitt tonn hefur dregist saman um 75% frá árinu 1990. Til þess hefur þurft breytt vinnubrögð og fjárfestingar í tækniframfarir. Frekari fjárfestingar eru nauðsynlegar til að viðhalda

samkeppnishæfni íslenskrar álframleiðslu, enda er þróunin hröð og ál er selt á heimsmarkaði svo engin leið er að velta óþarfa kostnaði út í verðið.

Íslensk álframleiðsla hefur í hálfra öld verið undirstaða mikillar verðmætasköpunar fyrir íslenskt þjóðarbú og uppspretta tækifæra fyrir komandi kynslóðir. Hvort íslenskur áliðnaður heldur áfram að dafna og þróast veltur á samkeppnishæfni landsins og stefnumörkun á vettvangi stjórnmálanna.